

# 1. Stjórnarfundur Ungmennadeildar HRFÍ 16.03.20

Allir stjórnarmeðlimir mættir á fyrsta fund stjórnar gegnum fjarfundarbúnaðinn Skype. Fundur hefst kl 18:10 – smá tafir vegna tæknilegra örðugleika.

Stjórn skipar sér stöður.

## Sitjandi stjórn ungmennadeildar HRFÍ starfsárið 2020-2021

- Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir – formaður
- Erna Sigríður Ómarsdóttir – gjaldkeri
- Theodóra Róbertsdóttir – ritari
- Anna Dís Arnarsdóttir – meðstjórnandi
- Stefanía Stella Baldursdóttir – meðstjórnandi

## Dagskrárliðir:

### 1. Viðburðir

- a. Námskeið í stað þjálfana:
  - i. Bæði fyrir almenna sýnendur og unga sýnendur.
  - ii. Betri fjáröflunarleið – hér væri hægt að nýta punkta til að greiða fyrir kennslu (ungir sýnendur).
  - iii. Betri yfirsýn yfir skráningu og hægt að fylgja sýnendum betur eftir.
  - iv. Persónulegri kennsla.
  - v. Ræða dagsetningar, fjölda skipta og verð / skráningu á næsta stjórnarfundum.
- b. Sjoppun:
  - i. Gengið erfiðlega að manna sjoppuna, foreldrar hafa skipt með sér 2 sjoppum.
  - ii. Spurning að stofna foreldraráð til að virkja foreldrana.
  - iii. Sjoppun er að mati stjórnar í höndum foreldra/sýnenda – ekki verkefni stjórnar deildarinnar – stærsta tekjulind deildarinnar fyrir bæði liðið og til þess að geta haldið viðburði fyrir alla.
- c. Úrvalsæfingar:
  - i. Til að undirbúa hópinn betur/liðið – ýtarlegri æfingar og kennsluefni
  - ii. Í boði fyrir þá krakka sem stefna á að komast í landsliðið – þurfa allir að skrá sig.
  - iii. Lágmarksfjöldi sýninga (3-4 sýningar?) + vera í eldri flokka.
  - iv. Fá reynda sýnendur/ræktendur til að kenna/halda fyrirlestra.
  - v. Útfærsla og dagsetningar valdar á næsta stjórnarfundum.
- d. Fyrirlestrar:
  - i. Fyrirlestrar fyrir alla (unga sýnendur og almenna félagsmenn)
  - ii. Um almenna þjálfun, byggingu, samskipti milli hunds og manns, heilsufar hunda, feldhirðu og klóaumhirðu, – fá hugmyndir frá deildarmeðlimum.
  - iii. Aðgangseyrir – hægt að nýta punktana hér.
- e. Ungmennadeildardagur:
  - i. Halda áfram með það koncept – ræða útfærslu á næsta fundum.

- f. Skemmtikvöld:
  - i. Hvað vilja meðlimirnir gera – ræða á sameiginlegum fundi.
- 2. Keppni ungra sýnenda
  - a. Spurning með að hafa eina sýningu á ári með ungra sýnenda keppni báða dagana.
  - b. Auglýsa með góðum fyrirvara –
  - c. Jafnara tækifæri, fleiri sýningar = fleiri stig í pottinum í ljósi þess að oft þarf að velja liðin fyrir nóvember sýninguna.
  - d. Erna kannar með sýningarstjórn.
- 3. Fjárhagur deildarinnar
  - a. Rekstur deildarinnar er í höndum HRFÍ
  - b. Deildin á eigið fé.
  - c. Rekstrarlega séð 2018-2019 í tapi.
    - i. Aukinn kostnaður í innkaupum fyrir deildina miðað við uppgjör.
    - ii. Kostnaður við að flytja inn „ókunnuga“ dómara
  - d. Reyna að nýta vel dómara sem eru að koma til landsins
  - e. Kostnaður við ýmislegt
  - f. Erna ræðir við stjórn HRFÍ um að deildin eignist eigin reikning undir HRFÍ.
  - g. Nefna um að bæta við þriðju sjoppunni – athuga áhuga foreldra á því.
    - i. Stór tekjulind – punktar til að nýta í viðburði.
  - h. Gerum fjárhagsáætlun fyrir árið eftir næsta fund – í höndum Ernu.
- 4. Dómaramál
  - a. Stella getur ekki verið viðstödd það spjall – bíður þar til á næsta fundi.

Ákveðið að halda samskiptum virkum á facebook – sjá hvernig ástand verður eftir 2-3 vikur í landinu og halda annan fund á skype eða hittast.

Fundi slitið 19:40.

Fundargerð lögð fyrir stjórnarmeðlimi að kvöldi til þann 16.03.20.